# Breyting á deiliskiplagi Leirdalur 7-13, Reykjanesbær.



Skýringarmynd



Skýringarmynd




ÚR AÐALSKIPULAGI 2015-2030

## Greinagerð

**Forsendur**

Gildandi deiliskipulag fyrir Leirdal 7-21 var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 25.05.2018 og kveður skipulagið á um átta lóðir og á lóðunum skulu vera 8 tvíbýlishús á tveimur hæðum með bílageymslu. Deiliskipulagsmörk ná yfir lóðirnar 7, 9, 11 og 13.

Helstu breytingar deiliskipulagsins eru, í stað tveggja hæða húsa á fjórum lóðum 7,9,11 og 13 verða tveggja hæða hús á tveimur lóðum 11 og 13. Fjöldi húsa helst óbreyttur.

Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjanesbæjar.

**Ástæður breytinga**

Núverandi einingar eru í óhentugri stærð og of kostnaðarsamar í byggingu. Þar af leiðandi eru þær ekki markaðsvænar og sala þeirra gengið mjög illa, sjá fylgiskjal frá Eignasölunni dags. 10.12.2020.
Bent skal á að eftirspurn er mikil eftir íbúðum í þeim stærðarflokki sem breytingar kveða á um.

**Gildandi skilmálar**

Á Lóðunum Leirdalur 7-21 er gert ráð fyrir tveggja hæða tvíbýlishúsum, alls átta hús, með samtals 16 íbúðum. Hámarksstærð hvers tvíbýlishúss er 252 m2 með N 0,15-0,45. Gert er ráð fyrir bílageymsla í hverju húsi og fjórum bílastæðum. Hver einstök íbúð innan hvers tvíbýlishúss skal ekki vera stærri en 130 m2. Ekki gerð krafa um að húsin verði hönnuð af sama hönnuði og nr. 23-37, en skulu hafa álíkt yfirbragð. Hús nr. 7-21 skulu samræmd í yfirbragði, þ.e. formi, efnis- og litavali og áferð. Hámarkshæð frá gólfkóta 1.hæðar verður 6,4m.

**Nýjir skilmálar**

Lóð og byggingarreitur á lóð 7-13 er skipt upp í tvær lóðir og er gert ráð fyrir tveimur tveggja hæða tvíbýlishúsum á hverri lóð, með samtals 8 íbúðum (óbreytt frá fyrra skipulagi). Hámarks heildar byggingarmagn innan deiliskipulagsmarka helst óbreytt 1010m2. Bílastæðafjöldi á lóð helst óbreyttur þar verða 2 bílastæði með hverri íbúð. Svalir, svalagangar, skyggni og stigar mega fara útfyrir byggingarreit, sjá skilmálateikningu.

Að öðru leyti gilda almennir skilmálar skv. eldra deiliskipulagi Leirdal 7-21.

- Deiliskipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Lóðarmörk
- Bindandi byggingarlína
- Bilastæði
- GV Grenndarvöllur




Afstöðumynd - Fyrir breytingu, samþykkt í bæjarstjórn þann 15. nóvember 2016
Mkv. 1:1000




Afstöðumynd - Eftir breytingu
Mkv. 1:1000

| | | | |
|---|---|---|---|
| mkv.1:1000 | 29.1.2021 | Leirdalur 7–13, 260 Reykjanesbær | 101_01 |
| | | HÖNNUN: JSE | JeES arkitektar |
| | | A2 | Hönnun: JSE / Kortagrunnur: ÍSGRAF / Hnitakerfi: ISN 93 |
| | | Deiliskipulagsuppdráttur, Núverandi ástand, Greinagerð | Deiliskipulagsbreyting |